

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 21. maí 2007
Tímasetning fundar: 17:30 – 19:30
Fundarstaður: Kaffihúsið Amokka, Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Formaður	Mætt
Dagbjört Sigurbergisdóttir (DS)	Varaformaður	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
P. Linda Guðjónsdóttir (PLG)	Gjaldkeri	Mætt
Puríður Pétursdóttir (PP)	Meðstjórnandi	Mætt
Margrét Bóasdóttir	Verndari	Fjarverandi

Fundarefni og niðurstöður fundar:**1. Nýtt netfang Gígjunnar; gígjan2003@gmail.com**

HG er búin að stofna nýtt netfang fyrir öll tölvupóstsamskipti Gígjunnar. Netfangið var stofnað hjá Google og er; gígjan2003@gmail.com. Búið er að stofna alla tengiliði og setja upp pósthópa Gígjunnar (stjórn, varastjórn, aðalstjórn, póstlisti kóranna osfrv). Ákveðið var að allur póstur sem sendur er út á vegum Gígjunnar fari frá þessu netfangi. HG hefur yfirumsjón með póstsendingum Gígjunnar.

2. Heimsókn til Kvennakórs Akureyrar

HG sagði frá heimsókn sinni til Akureyrar þar sem hún heimsótti Kvennakór Akureyrar og fundaði með stjórn kórsins. Tíðrög fundarins voru þau að formaður Kvennakórs Akureyrar hafði samband við HG og óskaði eftir því að hún kæmi norður til skrafs og ráðagerðar. HG er tengiliður Gígjunnar við KvAk. Fundurinn var mjög skemmtilegur og sést greinilega á svona samstarfi hve mikilvægt er fyrir stjórnarmenn Gígjunnar að vera í góðum samskiptum við aðildarkóra sína.

3. ISNIC

Gígjan þarf að greiða ISNIC árgjald kr. 7.918 kr. fyrir lénið gígjan.is. HG gerði grein fyrir hvernig vefsetrið er rekið og hver hefur verið að vinna það í verktakavinnu ásamt henni. Upplýsingar voru veittar um alla tilhögun og uppbyggingu á vefsetrinu. PLG mun hafa samband við ISNIC til þess að breyta upplýsingum um tengilið og ganga frá greiðslu á þessum reikningi. Málið er í vinnslu.

4. Upplýsingar frá síðasta gjaldkera

PLG greindi frá því að hana vantaði gögn frá síðasta gjaldkera. HG tók að sér að hafa samband við Ernu og biðja hana um að koma öllum bókhaldsgögnum til Lindu núverandi gjaldkera Gígjunnar.

5. Staðan á SFH málinu

Samkvæmt upplýsingum frá MB í tölvupósti þá verður næsti aðalfundur SFH haldinn í júní. Margrét mun reka mál Gígjunnar á þeim fundi. Málið er í vinnslu og skýrist vonandi enn frekar með haustinu.

6. Framhaldsaðalfundur í haust

Ákveðið var að halda framhaldsaðalfundinn 20. október. Gera þarf tillögu að lagabreytingum og undirbúa fundinn í sumar. Málið er í vinnslu.

7. Söfnun á landsmótslögum stendur yfir

SÓ greini frá því að nótunefnd Gígunnar (sjá upplýsingar um hana á vefsetrinu) sé í óðaönn að vinna að því að safna saman öllum þeim lögum sem samin hafa verið sérstaklega fyrir landsmótin. Hugmyndin er að gera þessi lög aðgengileg inn á vefsetrinu í samvinnu við Íslenska tónverkamiðstöðina. Búið er að semja bréf til höfunda þessara laga til þess að óska eftir samvinnu þeirra og fá réttin af lögum. Málið er í vinnslu.

8. Jólalag, hugmynd frá Sigurbjörgu Aðalsteinsdóttur í Vox feminae

Stjórn Gígunnar hefur borist hugmynd frá Sigurbjörgu Aðalsteinsdóttur í Vox feminae þess efnis að Gígjan láti semja jólalag fyrir aðildarkóra sína sem hún myndi senda þeim á haustmánuðum. Þá gætu þeir æft lagið og hugmyndin væri að allir aðildarkóra Gígunnar myndu svo frumflytja lagið (hver á sínum tónleikum) á aðventunni. Hugmyndin rædd og ákveðið að hrinda henni í framkvæmd á næsta ári. Málið er í skoðun.

9. Uppfærsla á vefsetrinu

HG gerði grein fyrir því að nú væri komið að því að uppfæra vefsetrið. Eyðublöð þarf að uppfæra, ganga betur frá öryggisatriðum og bæta við nýjum síðum og gera lagfæringar. Fá þarf verktaka í verkið en HG er búin að gera þarfalýsingu. Ákveðið var að veita kr. 80.000 í uppfærsluna sem unnin yrði næsta vetur. Málið er í vinnslu.

10. Fjárhagsstaða Gígunnar

PLG lagði það til að árgjald Gígunnar yrði hækkað. Fjárhagsstaða Gígunnar rædd og ýmsum hugmyndum velt upp. Árgjaldið verður óbreytt næsta starfsár enda þarf aðalfund til þess að ákveða það hverju sinni.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.

Ákveðið að hafa næsta fund í 30. ágúst.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.